

Alþingi
Erindi nr. P 139/1381
komudagur 17.2.2011

Vinnuhópar við innleiðingu vatnatilskipunarinnar

Stýrihópur – Ráðgjafahópur forstjóra fimm lykilstofnana

Umhverfisstofnun – Kristín Linda Árnadóttir

Veiðimálastofnun – Sigurður Guðjónsson

Veðurstofa Íslands/Vatnamælingar – Árni Snorrason/Jórunn Harðardóttir

Orkustofnun – Guðni A. Jóhannesson

Hafrannsóknastofnun – Jóhann Sigurjónsson

Verkefnisstjóri: Heiðrún Guðmundsdóttir

Vinnuhópar

Vinnuhópur um skilgreiningu vatnshlota

- Veðurstofa Íslands (hópstjóri Jórunn Harðardóttir)
- Umhverfisstofnun (Helgi Jensson)
- Hafrannsóknarstofnunin (Héðinn Valdimarsson)
- Veiðimálastofnun (Jón Ólafsson)
- Orkustofnun (Kristinn Einarsson)
- Náttúrufræðistofa Kópavogs (Hilmar J. Malmquist)
- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (Sigurjón Þórðarson)

Vinnuhópur um vistkerfaflokkun vatnshlota

- Veiðimálastofnun (hópstjóri Gísli Már Gíslason, Háskóla Íslands)
- Umhverfisstofnun (Helgi Jensson)
- Náttúrufræðistofa Kópavogs/Náttúrustofur (Þóra Hrafnadóttir)
- Veiðimálastofnun (Sigurður Guðjónsson)
- Náttúrufræðistofnun Íslands (Trausti Baldursson)
- Hafrannsóknarstofnunin (Karl Gunnarsson)

Vinnuhópur um álag á vatnshlot

- Umhverfisstofnun (hópstjóri Gísli Jónsson)
- Heilbrigðiseftirlitið (Kristín Lóa Ólafsdóttir)
- Hafrannsóknastofnunin (Sólveig Ólafsdóttir)
- Landmælingar Íslands (Gunnar I. Kristinsson)
- Skipulagsstofnun (Guðrún Halla Gunnarsdóttir)
- Veðurstofa Íslands (Jón Ottó Gunnarsson/Esther Hlíðar Jensen)
- Veiðimálastofnun (Þórólfur Antonsson)

Vinnuhópur um manngerð og mikið breytt vatnshlot

- Orkustofnun (hópstjóri Kristinn Einarsson)
- Umhverfisstofnun (Björn Stefánsson)
- Veiðimálastofnun (Guðni Guðbergsson)
- Vegagerðin (Helgi Jóhannesson, Landsvirkjun Power)
- Landgræðsla ríkisins (Guðmundur Stefánsson)
- Veðurstofa Íslands (Egill Axelsson)
- Samorka (Óli Grétar Blöndal Sveinsson/Hákon Aðalsteinsson, Landsvirkjun Power)

Gagnaskil – Reporting WISE

- Umhverfisstofnun (hópstjóri Gunnar Steinn Jónsson)
- Veðurstofa Íslands (Jórunn Harðardóttir, Stefanía Halldórsdóttir)
- Orkustofnun (Valborg Steingrimsdóttir, Þorvaldur Bjarnason)
- Veiðimálastofnun (Ingi Rúnar Jónsson)
- Landmælingar ríkisins (INSPIRE) (Gunnar I. Kristinsson)

Umhverfissráðuneytið
15. febrúar 2011

Spurningar á fundi umhverfisnefndar Alþingis 1. febrúar 2011 vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála og svör ráðuneytisins vegna fundar í umhverfisnefnd 15. og 17. feb.

- Kostnaður við framkvæmd frumvarpsins o.s.frv. Löggjöf vegna nytjagreiðslureglunnar. MÁ, BÁ og VH.
 - Sjá kostnaðarmat fjármálaráðuneytisins vegna kostnaðar ríkissjóðs sem fylgir frumvarpinu, þ.e. 140 millj. kr. samtals vegna 2011 og 2012. Þar er einning vísað til þess að fyrirhugað sé að taka gjald á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlinda í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna, sjá hér almennar athugasemdir með frumvarpinu, síðu 16-17 um þetta atriði.
- Er þörf fyrir vatnaráð? Stjórnsýslan flókin og umfangsmikil, flækjustig. Hver ber ábyrgðina, óljós mörk milli aðila. ÓP, MÁ, BÁ og SH.
 - Lýsing á stjórnsýslu vatnamála samkvæmt gildandi lögum, sjá s. 19 í almennum athugasemdum
 - Almenn umfjöllun um stjórnsýslu skv. frumvarpinu, sjá um II. kafla í frumvarpinu s. 25-26.
 - Varðandi hlutverk og ábyrgð, umhverfissráðherra vatnaráðs, Umhverfisstofnunar, sveitarfélaga, vatnasvæðanefnda, ráðgjafanefnda og rannsóknastofna er vísað til gr. 4.-11. í frumvarpinu og athugasemda með þessum greinum. Í þessum greinum er kveðið skýrt á um hlutverk þessara aðila og hvernig þeir eigi að vinna saman. Stjórnsýslan á þannig að vera skýr skv. frumvarpinu, þ.e. hlutverk og ábyrgð allra aðila og hvernig þessir aðilar eigi að vinna saman. Hér yrði um nýmæli að ræða, þ.e. að frumvarpið mælir fyrir um það hvernig allir þeir fjölmörgu aðilar sem koma að málum að varða vatn eigi að vinna þverfaglega saman til að ná því markmiði sem er að stefnt í frumvarpinu. Kemur til móts við þá gagnrýni sem oft er haldið á lofti að við áætlanagerð sé ekki verið að horfa með heildstæðum hætti á málin. Með þessu frumvarpi er verið að koma á móts við slík sjónarmið, láta alla taka þátt og vera þátttakendur í ferlinu og eiga hlut í vinnunni. Það krefst vitanlega meiri vinnu, málefnalegar umræðu og málamiðlana o.s.frv. En sú vinna mun skila sér margfalt til baka í endanlegri niðurstöðu.

Frumvarpið mælir ekki fyrir um að nýjum stofnunum eða stjórnvöldum sé komið á fót heldur er Umhverfisstofnun ætlað meginhlutverk skv. lögnum, þ.e. að halda utan um þá vinnu sem frumvarpið krefst. Stjórnsýslan kann við fyrstu sýn að virðast flókin en í raun er frumvarpinu eingöngu ætlað að formbinda samráð, hin faglega vinna og utanumhald er hjá UST og hin endanlega stefnumörkun liggur hjá vatnaráði sem gerir tillögur um hana til umhverfissráðherra. Vatnaráð hefur mikilvægu hlutverki að gegna þar sem því því er ætlað að endurspegla sjónarmið stjórnvalda til áætlanagerðar skv. frumvarpinu. Það er nauðsynlegur þáttur í vinnunni. Ekki er því talið rétt að fella niður vatnaráðið. Fulltrúar í vatnaráði eru

eingöngu stjórnvöld en hagsmunaaðilar koma inn í ferlið í gegnum ráðgjafanefndir enda geta hagsmunaaðilar ekki að vera í hlutverki stjórnvalda.

- Ráðgjafanefndir; hvernig eiga þær að starfa og skipun þeirra, BÁ, ÓÞG.
 - Sjá 9. gr. frumvarpsins um hlutverk ráðgjafarnefndar og athugasemdir með henni. Setja á reglugerð m.a. um hlutverk, fulltrúa, og skipan þeirra, sjá 9. tölul. 29. gr. frumvarpsins. Hlutverk ráðgjafanefnda mjög skýrt, en þær starfa með UST. Í ráðgjafanefndum er reynt að tengja alla hagsmuna- og sérfræðiaðila saman, hvort sem það eru opinberar stofnanir, félagasamtök eða aðrir. Fyrst og fremst ráðgjafaaðilar en ekki ákvörðunaraðili.
- Skörun við eignaréttindi, VH.
 - Frumvarpið mælir fyrir um hvernig eigi að vernda vatn og viðhalda gæðum vatns. Vatnastjórnunaráætlun er áætlun sem setur fram þá stefnumörkun og á að gæta að því að þessum markmiðum sé náð. Ekki er í frumvarpinu verið að fjalla um að takmarka eða skerða eignaréttindi manna. Ákvæði stjórnarskrár gilda ef talið er að gengið sé á eignarétt manna.
- Innleiðing tilskipunar í Noregi og tímasetning á innleiðingu tilskipunarinnar, VH og MÁ.
 - Sjá III. kafla í almennum athugasemdum. Frumvarpið byggir mjög að fyrirmyndi norðamanna og þeirra reglum til innleiðingar á tilskipuninni en þær tóku gildi 1. janúar 2007. Horft var til Noregs sem fyrirmyndar m.a. vegna þess að talið var að þeirra löggjöf væri best af löggjöf norðurlanda og það er almennt talið að Noregur séu að vinna að þessu málum mjög faglega og vel. Þá var horft til þess að aðstæður í Noregi eru svipaðar og hér varðandi vatnsauðlindina. Í III. kafla í almennum athugasemdum er að finna umfjöllun um löggjöf norðurlanda vegna innleiðingar á vatnatilskipuninni.
 - Eftirlitsstofnun EFTA hefur lagt mikla áherslu á að innleiðingu tilskipunarinnar verði flýtt og hefur sent íslenskum stjórnvöldum svokallað rökstutt álit um aðgerðir að þeirra hálfu. ESA hefur verið að undirbúa málshöfðun og það hefur verið látið vita að málið er til umfjöllunar í umhverfisnefnd. Afar brýnt er að frumvarpið nái fram að ganga á Alþingi sem allra fyrst.
- Hvaða ráðstafnir er hægt að grípa til skv. frumvarpinu, ÓÞ.
 - Aðgerðaáætlun fjallar um ráðstafnir sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram umhverfismarkmiðum, hún er stjórnþækið og fer í gegnum mikinn feril áður en hún er samþykkt, sjá 21. gr. frumvarpsins. Í 28. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um það hvernig tryggja eigi að að stefnumörkun um vatnsvernd verði samþætt skipulagsáætlunum og leyfisveitingum vegna nýtingar vatns og framkvæmda er tengjast vatni.
 - Skoða þarf hvort ekki sé rétt að setja inn refsíákvæði í frumvarpið. Ráðuneytið mun gera tillögu um slíkt ákvæði.
- Hvað eru forgangsefni, ÓÞ, ÓÞG.
 - Sjá tillögur umh. um breytingu á á skilgreiningu í 3. gr. frumvarpsins vegna forgangsefna.

- Helstu brotalamir í núverandi kerfi og ávinningur af frumvarpinu, KþJ.
 - UST mun svara þessu nánar á fundinum.

- Hvernig er aðkoma almennings að vinnunni og hverjir eru hagsmunaaðilar, kærufæri og skilgreiningar, nær grunnvatn til heits og kalds vatns. ÁI.
 - Almennungur kemur að ferlinu í gegnum opinbera kynningu, sjá 27. gr. frumvarpsins. Mjög viðtæk kynning, á öllum stigum málsins og mjög langur kynningarfrestur. Einnig aðgangur að öllum upplýsingum, sjá 26. gr. frumv.
 - Hagsmunaaðilar koma að vinnunni í gegnum ráðgjafanefndina. Þeir eru t.d. landeigendur, frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar, Samtök veiðiréttarhafa, veiðifélög, samtök útivistarféлага, Bændasamtökin, samtök orkufyrirtækja, hafnarsambönd og fleiri. Frjáls félagasamtök á sviði náttúruverndar og umhverfismála eru t.d. Fuglaverndarfélag Íslands, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, samtök útivistarféлага og skógræktar- og landgræðslusamtök.o.s.frv.
 - Hér er verið að fjalla um áætlanir opinberra aðila og því eru þetta ekki stjórnvaldsákvæðanir í skilningi stjórnsýslulaga. Slíkar áætlanir eru ekki kæránlegar ákvæðanir og því er ekki fjallað um kærur í frumvarpinu.
 - Grunnvatn er bæði heitt og kalt vatn.



Umhverfissráðuneytið
Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir, skrifstofustjóri
Skuggasundi I
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ	
UMH.	10090/03
Mótt.	26. OKT. 2010
Hfj.	0012 Ab.

Reykjavík 25. október 2010
Tilv.: FJR10090106/331-2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.


Hjálagt sendist umsögn fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um stjórn vatnamála.

Eintak af umsögninni hefur verið sent til skjaladeildar Alþingis.

Vakin er athygli á reglum ríkisstjórnar um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa. Þar kemur m.a. fram að umsögn fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif lagafrumvarps skuli fylgja því við meðferð ríkisstjórnar. Í þessu skyni ber að leitast við að kynna fjármálaráðuneyti efnisatriði hvers máls tímanlega. Umsögn fjármálaráðuneytis skal prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þegar það er lagt fram á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Nökkvi Bragason


Lúðvík Guðjónsson

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Markmið þess er að kveða á um verndun vatns og vistkerfa þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögnum er ætlað að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma eða allt frá gildistöku þeirra til ársins 2024.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu til verið hluti af íslenskrri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að innleiðing vatnatilskipunarinnar kalli á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála því í henni sé gert ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Tilskipunin sé þannig samvinnuverkefni sem gangi þvert á stofnanir og stjórnvöld. Ekki er til staðar heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Einnig gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit þeirra mjög þýðingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður landið eitt vatnaumdæmi og skal vatnaráð, sem umhverfisráðherra skipar samkvæmt tilnefningu framangreindra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa yfirumsjón með því. Hlutverk ráðsins verður m.a. að móta stefnu um stjórn vatnamála og hafa yfirumsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillagna að vatnastjórnuáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu laganna. Henni ber að samræma vinnu við gerð fyrirnefndra áætlana og gera tillögur að þeim til vatnaráðs í samvinnu við sveitarfélög og að höfðu samráði við vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir, annast kynningar- og umsagnarferli þessara áætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra, tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæði, setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot, sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar, vinna stöðuskýrslu og annast aðra skýrslugjöf. Í frumvarpinu er hlutverk Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunarinnar og Náttúrufræðistofnunar Íslands við framkvæmd laganna sérstaklega skilgreint og skal Umhverfisstofnun gera samning við þessar stofnanir vegna þessa en getur jafnframt samið við aðra um einstök verk.

Ekki er annað vitað en að magn og gæði vatns á Íslandi séu með besta móti og ástand þess stöðugt. Má því ætla að ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að bæta úr eða viðhalda því og að kostnaður við að uppfylla umhverfismarkmið frumvarpsins geti verið tiltölulega lágur hér á landi. Í því sambandi má benda á sérstaka yfirlýsingu, sem birt var með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunarinnar í

EES-samninginn, þess efnis að samningsaðilum sé ljóst að ólíkar landfræðilegar aðstæður kalli á mismunandi aðgerðir til að ná umhverfismarkmiðum hennar og að stjórnvöld á hverjum stað geti því metið til hvaða aðgerða þurfi að grípa í því skyni. Einnig flutti fulltrúi Íslands yfirlýsingu á fundi nefndarinnar þegar tilskipunin var tekin upp í samninginn þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.


Umhverfisráðuneytið hefur sett fram áætlun þar sem reiknað er með að á þremur fyrstu árum eftir gildistöku laganna verði kostnaður við framkvæmd þeirra 129 m.kr. á ári en 98 m.kr. á ári eftir það. Samkvæmt frumvarpinu skal stöðuskýrsla liggja fyrir árið 2013 og skýrir gerð hennar hærri kostnað á fyrstu þremur árunum. Að öðru leyti gerir þessi áætlun ráð fyrir að kostnaður liggi aðallega í vöktun á ástandi vatns, rekstri og umsjón gagnagrunna, stjórnsýslu, skýrslu- og áætlanagerð ásamt kostnaði ráðgjafar-nefnda, vatnasvæðanefnda og vatnaráðs.

Í gildandi fjárlögum eru til staðar 40 m.kr. fjárheimildir sem sérstaklega hafa verið veittar til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipuninni. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem Orkustofnun fékk til undirbúningsins í fjárlögum 2006, í öðru lagi helmingur af 17 m.kr. fjárveitingu sem veiðimálastofnun fékk í fjárlögum 2009 til að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð ásamt því að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrið á Hvammstanga, í þriðja lagi 15 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár sem Umhverfisstofnun fékk í fjárlögum 2008 til innleiðingar tilskipunarinnar og í fjórða lagi 4,5 m.kr. af fjárheimild fjárlagaliðarins Ýmis verkefni hjá umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðuneytið telur að til álita komi að allar þessar fjárveitingar verði vistaðar hjá Umhverfisstofnun. Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 er ekki reiknað með öðrum útgjöldum ríkissjóðs vegna innleiðingar á vatnatilskipuninni en felast í fyrrgreindum fjárveitingum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í umhverfisráðuneyti sé hafin vinna við að undirbúa frumvarp sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina, í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna, og að gert sé ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af kostnaði við framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi. Ráðuneytið áætlað að slík gjaldtaka geti verið komin til framkvæmda í ársbyrjun 2013.

Fjármálaráðuneytið telur að fyrst um sinn megi að einhverju leyti mæta kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, auki útgjöld ríkissjóðs um 70 m.kr. á árunum 2011 og 2012, samtals 140 m.kr., en að frá og með árinu 2013 verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku og beint ríkisframlag lækki þá samsvarandi.

Eins og áður sagði er ljóst að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum öðrum löndum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.





Fjármálaráðuneyti
Lúðvík Guðjónsson
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 13. október 2010
Tilv.: UMH10090103/0012

Efni: Kostnaðarmat frumvarps til laga um stjórn vatnamála.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 30. mars 2010 þar sem óskað var eftir kostnaðarmati vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála sem lagt var fram á 138 löggjafarþingi svo og kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytisins dags. 19. maí s.l.. Helstu breytingar sem gerðar eru á frumvarpinu nú eru í 7. og 8. gr. þar sem bætt er við að Umhverfisstofnun skuli endurskoða vatnastjórnunaráætlun og í 8. gr. sem varðar hlutverk sveitafélaga vegna aðkomu þeirra að endurskoðun á vatnastjórnunar-, aðgerða- og vöktunaráætlun en ekki eingöngu undirbúning þeirra áætlana. Í 10 gr. sem fjallar um hlutverk rannsóknastofnana bætist við nýr liður d. liður og kveður hann á um að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli hafa umsjón með gögnum um lífríki vatna og vistkerfa sem háð eru vatni og leggja þau til ásamt sérfræðipækkingu um vistkerfi vatna. Náttúrufræðistofnun hefur í dag skv. lögum nr. 60/1992 það hlutverk að stunda rannsóknir í dýrafræði og grasfræði í náttúru Íslands þar með talið ferskvatni. Engar aðrar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu sem nú er lagt fram. Er það mat ráðuneytisins að þessar breytingar á frumvarpinu hafi ekki áhrif á fyrra kostnaðarmat.

Fyrir hönd ráðherra

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir

Þorsteinn Sæmundsson





Umhverfissráðuneytið
Hrafnhildur Á. Þorvaldsdóttir, skrifstofustjóri
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvatni 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ
UMH 10030062
Mótt: 20. MAI 2010
Bri.: 0012, Ab:

Reykjavík 19. maí 2010
Tilv.: FJR09100092/331-2

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.


Hjálagt sendist umsögn fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um stjórn vatnamála.

Eintak af umsögninni hefur verið sent til skjaladeildar Alþingis.

Vakin er athygli á reglum ríkisstjórnar um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa. Þar kemur m.a. fram að umsögn fjármálaráðuneytis um kostnaðaráhrif lagafrumvarps skuli fylgja því við meðferð ríkisstjórnar. Í þessu skyni ber að leitast við að kynna fjármálaráðuneyti efnisatriði hvers máls tímanlega. Umsögn fjármálaráðuneytis skal prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þegar það er lagt fram á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra


Nökkvi Bragason


Lúðvík Guðjónsson

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leiða í íslenskan rétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum. Markmið þess er að kveða á um verndun vatns og vistkerfa þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa, votlendis og vistkerfa sem beint eru háð vatni til að stuðla að því að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er frumvarpinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem byggist á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögnum er ætlað að koma til framkvæmda á nokkuð löngum tíma eða allt frá gildistöku þeirra til ársins 2024.

Vatnatilskipunin er rammatilskipun með alls 19 undirgerðum sem sumar hafa að efninu til verið hluti af íslenskri mengunarlöggjöf frá gildistöku EES-samningsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að innleiðing vatnatilskipunarinnar kalli á nýja sýn varðandi stjórn vatnamála því í henni sé gert ráð fyrir samþættingu í stjórn vatnamála og að fjallað verði um málefni vatns heildstætt. Tilskipunin sé þannig samvinnuverkefni sem gangi þvert á stofnanir og stjórnvöld. Ekki er til staðar heildstæð löggjöf um vatnsvernd hér á landi en ákvæði um verndun vatns og vatna má finna víða í löggjöfinni. Stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og stofnana sem heyra undir þessi ráðuneyti. Einnig gegna sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit þeirra mjög þýðingarmiklu hlutverki varðandi framfylgd vatnsverndar.

Samkvæmt frumvarpinu verður landið eitt vatnaumdæmi og skal vatnaráð, sem umhverfisráðherra skipar samkvæmt tilnefningu framangreindra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hafa yfirumsjón með því. Hlutverk ráðsins verður m.a. að móta stefnu um stjórn vatnamála og hafa yfirumsjón með starfi Umhverfisstofnunar við gerð tillagna að vatnastjórnunaráætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er ætlað að annast stjórnsýslu laganna. Henni ber að samræma vinnu við gerð fyrirnefndra áætlana og gera tillögur að þeim til vatnaráðs í samvinnu við sveitarfélög og að höfðu samráði við vatnasvæðanefndir og ráðgjafarnefndir, annast kynningar- og umsagnarferli þessara áætlana og eftirlit með framkvæmd þeirra, tryggja miðlun upplýsinga um vatnasvæði, setja umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot, sjá um að fram fari efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar, vinna stöðuskýrslu og annast aðra skýrslugjöf. Í frumvarpinu er hlutverk Veðurstofu Íslands, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar við framkvæmd laganna sérstaklega skilgreint og skal Umhverfisstofnun gera samning við þessar stofnanir vegna þessa en getur jafnframt samið við aðra um einstök verk.

Ekki er annað vitað en að magn og gæði vatns á Íslandi séu með besta móti og ástand þess stöðugt. Má því ætla að ekki þurfi að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir til að bæta úr eða viðhalda því og að kostnaður við að uppfylla umhverfismarkmið frumvarpsins geti verið tiltölulega lágur hér á landi. Í því sambandi má benda á sérstaka yfirlýsingu, sem birt var með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku tilskipunarinnar í EES-samninginn, þess efnis að samningsaðilum sé ljóst að ólíkar landfræðilegar aðstæður kalli á mismunandi aðgerðir til að ná umhverfismarkmiðum hennar og að

stjórnvöld á hverjum stað geti því metið til hvaða aðgerða þurfi að gripa í því skyni. Einnig flutti fulltrúi Íslands yfirlýsingu á fundi nefndarinnar þegar tilskipunin var tekin upp í samninginn þar sem sérstaða Íslands var ítrekuð.

Umhverfisráðuneytið hefur sett fram áætlun þar sem reiknað er með að á þremur fyrstu árum eftir gildistöku laganna verði kostnaður við framkvæmd þeirra 129 m.kr. á ári en 98 m.kr. á ári eftir það. Samkvæmt frumvarpinu skal stöðuskýrsla liggja fyrir árið 2013 og skýrir gerð hennar hærrí kostnað á fyrstu þremur árunum. Að öðru leyti gerir þessi áætlun ráð fyrir að kostnaður liggja aðallega í vöktun á ástandi vatns, rekstri og umsjón gagnagrunna, stjórnsýslu, skýrslu- og áætlanagerð ásamt kostnaði ráðgjafar-nefnda, vatnasvæðanefnda og vatnaráðs.

Í gildandi fjárlögum eru til staðar 40 m.kr. fjárheimildir sem sérstaklega hafa verið veittar til að undirbúa innleiðingu á vatnatilskipuninni. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 12 m.kr. fjárveitingu sem Orkustofnun fékk til undirbúningsins í fjárlögum 2006, í öðru lagi helmingur af 17 m.kr. fjárveitingu sem Veðimálastofnun fékk í fjárlögum 2009 til að útbúa ástandslýsingu fyrir öll vatnasvæði landsins og sjá til þess að þau verði vöktuð ásamt því að sinna samstarfi við BioPol á Skagaströnd og Selasetrið á Hvammstanga, í þriðja lagi 15 m.kr. tímabundið framlag í fimm ár sem Umhverfisstofnun fékk í fjárlögum 2008 til innleiðingar tilskipunarinnar og í fjórða lagi 4,5 m.kr. af fjárheimild fjárlagaliðarins Ýmis verkefni hjá umhverfisráðuneyti. Fjármálaráðuneytið telur að til álita komi að allar þessar fjárveitingar verði vistaðar hjá Umhverfisstofnun. Í áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 er ekki reiknað með öðrum útgjöldum ríkissjóðs vegna innleiðingar á vatnatilskipuninni en felast í fyrrgreindum fjárveitingum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að í umhverfisráðuneyti sé hafin vinna við að undirbúa frumvarp sem ætlað er að taka til gjaldtöku á atvinnurekstur sem nýtir vatnsauðlindina, í samræmi við mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna, og að gert sé ráð fyrir að slík gjaldtaka geti í framtíðinni staðið undir stærstum hluta af kostnaði við framkvæmd vatnatilskipunarinnar hér á landi. Ráðuneytið áætlar að slík gjaldtaka geti verið komin til framkvæmda í ársbyrjun 2013.

Fjármálaráðuneytið telur að fyrst um sinn megi að einhverju leyti mæta kostnaði með því að breyta forgangsröð verkefna og samhæfa og endurskipuleggja vinnu þeirra sem að framkvæmdinni koma í samræmi við hlutverk viðkomandi stofnana. Að öðru leyti má gera ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, auki útgjöld ríkissjóðs um 70 m.kr. á árunum 2011 og 2012, samtals 140 m.kr., en að frá og með árinu 2013 verði kostnaðurinn að mestu fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku og beint ríkisframlag lækki þá samsvarandi.

Eins og áður sagði er ljóst að aðstæður hér á landi eru aðrar en í flestum öðrum löndum sem tilskipunin nær til og hún er miðuð við. Gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna, verði frumvarpið að lögum, taki mið af því og verði í senn einföld og hagkvæm.





Fjármálaráðuneyti
Lúðvík Guðjónsson
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík.
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 30. mars 2010
Tilv.: UMH10030062/0012

Efni: Kostnaðarmat vegna frumvarps til laga um stjórn vatnamála.

Óskað er eftir kostnaðarmati vegna ofangreinds frumvarps til laga um stjórn vatnamála. Markmið frumvarpsins er að kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand vistkerfa vatna og votlendis og vistgerða sem eru beint háð vatni. Frumvarpinu er ætlað að tryggja sjálfbæra nýtingu vatnis sem byggir á langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Frumvarpið er lagt fram til að innleiða tilskipun Bandalagsins 2000/60/EB um stefnu í vatnamálum.

Búið er við að kostnaður vegna frumvarpsins komi einkum fram hjá eftirfarandi stofnunum umhverfis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta þ.e.:

Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnunin og Veiðimálastofnun, auk þess sem einhver kostnaður mun falla til hjá sveitarfélögum. Gert er ráð fyrir að nýjar fjárheimildir vegna lagasetningarinnar verði veittar Umhverfisstofnun sem annast samræmingu vegna innleiðingar tilskipunarinnar en stofnunin geri síðan samninga við aðrar stofnanir um þeirra þátt í framkvæmd laganna. Kostnaður vegna innleiðingar Vatnatilskipunar og nauðsynlegrar vöktunar til að uppfylla skilyrði hennar felst einkum í eftirfarandi þáttum eftir lagagreinum:

5. og 6. gr.: Vatnaráð og hlutverk þess.

Kostnaður vegna Vatnaráðs sem er annars vegar funda - og ferðakostnaður ráðsins og hins vegar kostnaður sem fellur til hjá Umhverfisstofnun vegna daglegs rekstrar ráðsins og umsjónar með því, undirbúnings og boðunar funda o.fl. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna nefndasetu greiðist af tilnefningaraðilum. Hlutverk ráðsins er m.a. að móta stefnu um stjórn vatnamála og hafa yfirumsjón með gerð tillögu að vatnastjórnunaráætlun, vöktunaráætlun og aðgerðaráætlun, gera tillögu til ráðherra um staðfestingu vatnastjórnunaráætlunar, að fenginni tillögu Umhverfisstofnunar, og veita umsagnir við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laganna. Umhverfisstofnun skal annast daglegan rekstur og umsýslu Vatnaráðs og vera ráðinu til ráðgjafar (1/2 stg.). Áætlaður kostnaður stofnunarinnar vegna þess svo og ferða- og fundakostnaður nemi um 4 m.kr. á ári.

8. gr.: Hlutverk sveitarfélaga og vatnasvæðanefnda.

Áætlað er að starfræktar verði 4 vatnasvæðisnefndir (verður ákveðið í reglugerð), þar sem sæti eigi a.m.k. fulltrúar sveitarfélaga, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga á svæðinu og frá Umhverfisstofnun sem stýrir starfi nefndanna. Þær skulu samræma vinnu og afla upplýsinga á viðkomandi vatnasvæði vegna vöktunar- og aðgerðaráætlunar svo og vatnastjórnunaráætlunar fyrir vatnasvæðið. Þessar upplýsingar skal nota við gerð stöðuskýrslu fyrir vatnaumdæmið.

Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna vinnu fulltrúa þeirra í vatnasvæðanefndum falli á tilnefningaraðila. Kostnaður Umhverfisstofnunar vegna ráðgjafar, umsjónar með starfi vatnaráðs (1/2 stg.) svo og ferða- og fundarkostnaður er áætlaður að nemi um 4,5 m.kr. á ári.

9. gr.: Hlutverk ráðgjafanefnda.

Með Umhverfisstofnun skulu starfa tvær ráðgjafanefndir á landsvísu þ.e.a.s. ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila en hins vegar ráðgjafanefnd hagsmunaaðila og frjálsra félagsamtaka á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Hlutverk ráðgjafanefndanna er að vera vatnaráði og Umhverfisstofnun til ráðgjafar um atriði sem falla undir lögin. Ráðgjafanefndir skulu hafa starfsmann sér til aðstoðar sem Umhverfisstofnun leggur til. Gert er ráð fyrir að sami starfsmaður geti sinnt báðum nefndunum og að kostnaður vegna starfa hans svo og ferða- og fundakostnaður nemi alls um 10 m.kr á ári en að tilnefningaraðilar greiði fyrir setu sinna aðila í ráðgjafanefndunum.


10. gr.: Hlutverk rannsóknastofnana.


Hér er greint frá hlutverkum Veðurstofu Íslands, veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar vegna Vatnatilskipunar en gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun geri samninga við fyrrgreindar stofnanir auk annara aðila ef þörf krefur um ákveðin gögn og sérþekkingu sjá 7. gr. Kostnaður vegna reksturs gagnagrunns hjá Veðurstofunni nemur um 21 m.kr. á ári.

7. gr. Hlutverk Umhverfisstofnunar.

Kostnaður vegna stjórnáætlunar Umhverfisstofnunar á sviði vatnsverndar er í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í lagagreininni eru talin upp í nýu liðum þau atriði stjórnáætlunar sem eru hlutverk Umhverfisstofnunar við framkvæmd laganna. Þau varða samræmingarvinnu vegna áætlana og stjórnunar; miðlun upplýsinga; setningu umhverfismarkmiða; framkvæmd efnahagslegrar greiningar; tillögugerð til vatnaráðs vegna vatnastjórnunaráætlunar, framkvæmd aðgerðar- og vöktunaráætlana; kynningar- og umsagnarferli áætlana og skýrslugjöf. Þessi kostnaður er áætlaður að nemi í allt um 89,5 m.kr. á ári fyrstu þrjú árin en hækkar upp í 96,5 m.kr. á árinu 2014.

Niðurstaða kostnaðarmats er að kostnaðarauki ríkissjóðs vegna framkvæmda laganna nemur 98,2 m.kr. á ári fyrstu tvö árin þ.e. 2011 og 2012 en hækkar um 15 m.kr. á árinu 2013 og verður 113,2 m.kr. en lækkar um 31 m.kr. á árinu 2014 og verður árlegur kostnaður tilskipunarinnar 82,2 m.kr. á ári eftir það. Nánari sundurliðun á kostnaði í kjölfar setningu laganna hér á landi er að finna á meðfylgjandi exeltöflu.


Fyrir hönd ráðherra
Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir


Þorsteinn Sæmundsson

kostnað vegna Vatnalaga

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2016	2018	Samt.
Vatnaráð	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	4,0	32,0
Vatnasvæðanefndir	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	36,0
Ráðgjafanefndir	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	10,0	80,0
Hlutverk UST									
rr. 7.a,7.c og 7.g:									
	Samræma vinnu við gerð vatnastjórnunar-, aðgerðar- og vöktunaráætlunar og umsjón með framkvæmd aðgerðar- og vöktunaráætl. í vatnaumdæminu, og umhverfismarkmið fyrir einstök vatnshlot.								
+19.gr.	Vatnastjórnunaráætlun	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5	3,5	28,0
+21.gr.	Aðgerðaráætlun. Tilb.2018 endursk.á 6 ára fresti	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	36,0
+22.gr.	Vöktunaráætlun (skal liggja fyrir 2015) og vöktun eftir 2015	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	30,0	240,0
+12 gr.	Yfirborð og grunnvatn								
+18 gr.	Breyting vatnshlota								
11.gr.	Flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið								
+16.gr.	Umhverfismarkmið								
rr.7.b, 7.h og 7.i:	Tryggja miðlun upplýsinga, kynning og umsagnarferli áætlana, skýrslugjöf, stjórnsýsla, reglugerðir, erl.samskipti ofl.								
+27.gr.	Opinber kynning	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5	20,5	164,0
+26.gr.	Aðgangur að upplýsingum								
rr. 7d og 7.f:	Efnahagsleg greining v.vatnshlota og vinna stöðuskýrslu								
+ 23.gr.	Stöðuskýrsla um vatnshlot. Skal lokið 2013	31	31,0	31,0					93,0
rr. 7e:	Gerð tillögu til Vatnaráðs að vatnastjórnunaráætlun, aðgerðar- og vöktunaráætlun í samv.v.svf.og samráð við ráðgj.hópa. Sbr. kostn. í gr. 5,6,8 og 9.								
,26,11,16,23,12,18,27 gr.		89,5	89,5	89,5	58,5	58,5	58,5	58,5	561,0
Rannsóknastofnanir:									
Veðurstofan: Gagnagrunnur og rekstur		21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	168,0
Veðurstofan									
Veiðimálastofnun									
Hafrannsóknastofnun									
Orkustofnun									
		21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	21,0	168,0
gna Vatnalagafrumvarpsins		129,0	129,0	129,0	98,0	98,0	98,0	98,0	877,0
rheimildir:									
Umhverfisstofnun		15,0	15,0						30,0
Veðurstofan									
Veiðimálastofnun									
Hafrannsóknastofnun									
Orkustofnun / Vatnafarsrannsóknir unnar af VÍ		11,3	11,3	11,3	11,3	11,3	11,3	11,3	90,4
Amsum fjármunir		4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	4,5	36,0
rheimildir alls		30,8	30,8	15,8	15,8	15,8	15,8	15,8	156,4
uning ríkissjóðs vegna Vatnafrumvarpsins:		98,2	98,2	113,2	82,2	82,2	82,2	82,2	720,6



Yfirlit kostnaðar vegna frumvarps til Vatnalaga 2010-2018

SAMANTÆKT:

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	ALLS
	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.	þús kr.
1 Vatnaráð	2.030	4.045	4.030	4.030	4.030	4.030	4.030	4.030	4.030	34.285
2 Vatnasvæðanefndir (áætluð 4 svæði SV / NV / NA / S)	2.490	4.980	4.980	4.240	4.240	4.240	4.240	4.240	4.240	37.890
3 Ráðgjafanefndir (fagstofnanir, eftirlits- hagsmunaaðilar, félagasamtök)	2.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000	34.000
3 Stöðuskýrsla til loka 2013	10.617	28.283	25.367	28.227	0	0	0	0	0	92.493
4 Gagnagrunnur (stofnkostnaður og rekstur)		9.500	9.500	9.500	9.500	9.500	9.500	9.500	9.500	76.000
5 Vöktun	0	0	0	0	38.000	38.000	38.000	38.000	38.000	190.000
6 Reglugerðir og stjórnsýsla vatnamála	2.500	2.500	2.500	17.500	17.500	17.500	14.000	14.000	14.000	102.000
7 Erlend samskipti	1.300	2.600	2.600	2.600	2.600	2.600	2.600	2.600	2.600	22.100
8 Aðgerðaráætlun (tilbúin 2018, enduskoðuð 6. hvert ár)	0	0	0	0	3.500	6.000	6.000	12.000	8.000	35.500
9 Vatnastjórnunaráætlun (tilbúin 1 jan 2018, endurskoðuð á 7 ára fresti)	0	0	0	0	3.500	6.000	6.000	6.000	6.000	27.500
10 Núverandi fjárheimildir:										
UST	15.000	15.000	15.000							45.000
Veiðimálastofnun	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	8.000	72.000
Amsum - vöktunarframlag	7.000	7.000	7.000	7.000	7.000	7.000	7.000	7.000	7.000	63.000
Orkustofnun/Vatnafarsranns. unnar af Veðurstofu		11.500	11.500	11.500	11.500	11.500	11.500	11.500	11.500	92.000
Fjárheimildir alls	50.937	97.408	94.477	96.597	113.370	118.370	114.870	120.870	116.870	923.768

